



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Jóhann Birkir Helgason <jbh@verkis.is>  
Re: Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030  
Sent: 25-11-2019 14:09:18 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019100049, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

Tilvísun í mál: 2019100049

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Súðavíkurhreppi, dags. 28. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030, deiliskipulag fyrir virkjun á Hattardal og breytingu á deiliskipulagi á Langeyri og nýtt deiliskipulag inn af Langeyri (Kalkþörungaverksmiðja).

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreindar tillögur. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og náttúrufar á framangreindum deiliskipulagssvæðum gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við staðsetningu fyrirhugaðra framkvæmda samkvæmt tillögu að deiliskipulagi fyrir virkjun í Hattardal og tillögu að deiliskipulagi á Langeyri og inn af Langeyri. Stofnunin leggur áherslu á að öllu raski verði haldi í lágmarki t.d. í Hattardal þar sem farið verður inn á svæði sem virðist að mestu óraskað. Sömuleiðis þarf að gæta þess að tjörn á Langeyri, sem verður á óbyggðu svæði, verði ekki raskað vegna framkvæmda eða reksturs fyrirtækja en við tjörnina er talsvert fuglalíf og nytjað æðavarp.

Náttúrufræðistofnun fagnar þeirri stefnu sem tekin er í aðalskipulaginu og varðar nýtingu auðlinda með sjálfbærum hætti svo og vernd líffræðilegrar fjölbreytni og vernd sérkenna svæðisins þ.m.t. landslags. Í skipulaginu kemur fram að taka skuli tillit til þessara þátta almennt og við ákvarðanir um alla nýtingu innan sem utan þéttbýlis. Í greinargerð með aðalskipulaginu er einnig að finna greinargóða samantekt um jarðfræði, gróðurfar/vistgerðir (kafli 3.3.), dýralíf (sjá t.d. umfjöllun um mikilvæg fuglasvæði og útbreiðslu landsels kafli 3.4) og náttúrufar svæðisins almennt þ.m.t. náttúruvá. Jafnframt er farið vandlega yfir ýmis atriði sem varða náttúruvernd og náttúruverndargildi og nýtingu lands. Sérstaklega er t.d. bent á að varast skuli notkun á framandi ágengum tegundum t.d. plöntum og að gera þurfi ítarlega og faglega greiningu á óbyggðum víðernum meðal annars m.t.t. virkjanahugmynda.

Þó nokkuð mörg svæði eru sett undir hverfisvernd og ber að fagna því.

Ánægjulegt er að sjá hvað búið er að ganga frá mörgum námum í sveitarfélaginu, tafla 11.22.

Sérstaklega ber að hrósa því framtaki að sveitarfélagið hefur kortlagt svæði þar sem mögulegt er að endurheimta votlendi, kafli 11.3.3., og jafnframt á að leggja fram langtíma aðgerðaráætlun um endurheimt votlendis.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þau varúðarsjónarmið um vernd náttúrunnar og landnotkun sem koma fram í aðalskipulaginu í umfjöllun um skógrækt og trjárækt á bls. 173 í greinargerð með skipulaginu.

Náttúrufræðistofnun telur framangreint aðalskipulag almennt vel unnið. Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar gerir stofnunin ekki sérstakar athugasemdir við skipulagið og telur að í skipulaginu komi fram stefna í samræmi við lög um náttúruvernd og góð umfjöllun um þá þætti sem varða starfssvið Náttúrufræðistofnunar s.s. hóflega nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd. Í ljósi 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sem m.a. fjallar um lögbundið umsagnarhlutverk Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag á náttúruverndarsvæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. sömu laga, áskilur stofnunin sér rétt til að koma að athugasemdum, ef þörf verður á, við framtíðar framkvæmdir og deiliskipulag þeim tengdum og byggja á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Jóhann Birkir Helgason <jbh@verkis.is>

Dags: 28-10-2019 09:35:18

Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>, Óskar Landmótun <oskar@landmotun.is>, "ov@ov.is" <ov@ov.is>, "bolungarvik@bolungarvik.is" <bolungarvik@bolungarvik.is>, Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>, "anr@anr.is" <anr@anr.is>, "olof@ferdamalastofa.is" <olof@ferdamalastofa.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, Sigríður Kristjánsdóttir <sirry@vestfirdir.is>, Anton Helgason <anton@hevf.is>, "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>, "gudmundur.rafn.sigurdsson@kirkjan.is" <gudmundur.rafn.sigurdsson@kirkjan.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>, "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>, "sveitarstjori@reykholar.is" <sveitarstjori@reykholar.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>, Andrea K. Jónsdóttir <sveitarstjori@strandabyggd.is>, Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>, "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>, "skrifstofa@reykholar.is" <skrifstofa@reykholar.is>, Geir Sigurðsson <geir.sigurdsson@vegagerdin.is>, Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>  
cc: Bragi Þór Thoroddsen <bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is>, Hulda Guðmundsdóttir <hulda@sudavik.is>  
Efni: Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030

Súðavíkurhreppur hefur nú auglýst Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030, tillagan er sett fram í greinargerð og uppdrætti og má finna hér

[http://sudavik.is/heildarendurskodun\\_adalskipulags\\_sudavikurhrepps /](http://sudavik.is/heildarendurskodun_adalskipulags_sudavikurhrepps/)

Samhliða auglýsingu aðalskipulagsins eru auglýst þrenn deiliskipulög

Hattardalur í Álftafirði [http://sudavik.is/tillaga\\_ad\\_deiliskipulagi\\_i\\_hattardal\\_i\\_alftafirdi /](http://sudavik.is/tillaga_ad_deiliskipulagi_i_hattardal_i_alftafirdi/)

Breyting á deiliskipulagi á Langeyri og nýtt deiliskipulag inn af Langeyri (Kalkþörungaverksmiðja) [http://sudavik.is/deiliskipulag - langeyri - tillaga/](http://sudavik.is/deiliskipulag_-_langeyri_-_tillaga/)

Athugasemdir skulu berast í síðasta lagi 27. nóvember 2019.

Þetta tilkynnist hér með.

**Jóhann Birkir Helgason**

Útibússtjóri / byggingartæknifræðingur | Branch  
Office Manager / Civil Engineer B.Sc.  
+354 422 8934 | +354 898 3772 | [jbh@verkis.is](mailto:jbh@verkis.is)

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður | +354 422 8000 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is) | [Disclaimer](#)